

AUGLÝSING

(IX) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 605, 24. júní 2008 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2007/2008 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Vopnafjörður.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildistonna hámark fellur niður.

Skipta skal ½ úthlutaðs byggðakvóta, 58,5 þorskígildistonnum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og sækja um. Eftirstöðvunum, 58,5 þorskígildistonnum, skal skipt í hlutfalli við landaðan afla í sveitarfélaginu, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. maí 2007 til 30. apríl 2008.

Ekkert skip yfir 1.000 brúttótonn fær úthlutun.

1. mgr. 6. gr. breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan hlutaðeigandi byggðarlags afla sem nemur... o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 20. febrúar 2009.

F. h. r.

Hinrik Greipsson.

Kristján Freyr Helgason.